

A. Thomsen, áfrýjandanum, bæjarstjórn Reykjavíkur-
kaupstaðar, 40 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu
dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desembermán.

Nr. 34/1890.

Hid opinbera

gegn

Jóni Sigurðssyni, Magnúsi

Magnússyni o. fl.

D ó m u r :

Samkvæmt fyrirskipan amtsins í brjefi, dags. 1. maí p. á., og í tilefni af kæru ýmsra manna í Stokkseyrar-
veidistöð, dags. 28. apríl síðastliðinn, hjelt lögreglustjórn
inn í Árnessýslu hinn 10. maí p. á. lögreglurjettarpróf
yfir 23 formönnum á Eyrarbakka og Stokkseyri út af
fiskiróðrum á helgum dögum, og er þess getið við lok
rjettarhaldsins, að hinir kærðu «hafi kosið sjer Guðmund
Ísleifsson til þess að verja sig». Hinn 27. s. m. hjelt
lögreglustjórnin próf yfir 2 formönnum fyrir sama brot
og hinn 18. júní síðastl. heldur hann enn tvö lögreglu-
rjettarpróf yfir 18 formönnum úr sömu veidistöð út af
helgidagaróðrum. Í hinu síðara af þessum rjettarhöld-
um, 18. júní, var síðan framlagt varnarskjal í máli þessu
«fyrir formenn á Eyrarbakka», frá Guðmundi Ísleifssyni,
og því næst var málið dæmt í lögreglurjettinum hinn 2.
júlí p. á. á þá leið, að allir hinir kærðu formenn, 43 að
tölu, voru sýknaðir, en málskostnaður lagður á almanna-
fje, þar á meðal 5 krónur sem málsvarnarlaun til Guð-
mundar Ísleifssonar.

Þessum lögreglurjettardómi hefur hlutadeigandi

amtmaður skotið til yfirdómsins fyrir hönd hins opinbera.

Í máli þessu hefur hvorki verið út gefin prófstefna nje dómstefna, og hinum kærðu hefur eigi verið tilkynnt, að dómur myndi ganga í málinu, nje á hinn bóginn gefinn kostur á að leggja úrslit málsins undir úrskurð amtsins. Ekkert skipunarbrjef hefur verið gefið út fyrir Guðmund Ísleifsson til að vera verjandi í málinu og það verður eigi sjeð, að fleiri en 23 af hinum kærðu hafi óskað þess, að hann hjeldi uppi vörn fyrir þá; þessi verjandi mætti og eigi sjálfur í lögreglurjettinum, en dómarrinn virðist hafa framlagt varnarskjal hans. Sökin hefur eigi verið tekin formlega undir dóm af lögreglurjettinum, hvorki í heild sinni, nje fyrir hvern hinna kærðu út af fyrir sig.

Þessi málsmeðferð er alveg ólögmet og verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm. Það þykir rjett, að hjeradsdómarrinn greiði allan áfallinn kostnað sakarrinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákvedast 10 kr. til hvors. Futningur málsins hjer fyrir rjettinum hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera ómerkur. Undirdómarrinn, sýslumaður Stefán Bjarnarson, greiði allan áfallinn kostnað málsins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, landritara Hannesar Hafstein og málafutningsmanns Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.